



BARNAVERNDARSTOFA

Samanburður á fjölda tilkynninga til
barnaverndarnefnda á fyrstu þremur
mánuðum áranna 2019 - 2021

Júní 2021

Í þessari samantekt er að finna samanburð á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda skv. sískráningu nefndanna á fyrstu þremur mánuðum áráanna 2019, 2020 og 2021. Endanlegar upplýsingar um fjölda tilkynninga koma fram í samtölublöðum barnaverndarnefndanna sem birtast árlega á vefsíðu Barnaverndarstofu.

Tilkynningar til barnaverndarnefnda

Tilkynningum til barnaverndarnefnda fjölgaði á fyrstu þremur mánuðum ársins 2021 um 17,5% miðað við sama tímabil árið á undan. Hins vegar fjölgaði tilkynningum um 28,7% ef miðað er við fyrstu þrjú mánuði ársins 2019. Fjöldi tilkynninga á fyrstu þremur mánuðum ársins 2021 var 3.565 tilkynningar. Tilkynningum fjölgaði í öllum landshlutum, sé miðað við fyrstu þrjú mánuði ársins 2020.

Flestar tilkynningar á fyrstu þremur mánuðum ársins 2020 voru vegna vanrækslu líkt og árin á undan eða 43,9% tilkynninga. Þetta hlutfall var 43% á fyrstu þremur mánuðum ársins 2020 og 41,2% á fyrstu þremur mánuðum ársins 2019. Hlutfall tilkynninga vegna ofbeldis á fyrstu þremur mánuðum ársins 2021 var 27,2%, en 28,4% fyrir sama tímabil árið á undan og 25,6% á fyrstu þremur mánuðum ársins 2019. Hlutfall tilkynninga vegna áhættuhegðunar barna var 28,2% á fyrstu þremur mánuðum ársins 2021. Á sama tímabili árið 2020 var þetta hlutfall 27,6 en 32,3% fyrir sama tímabil árið 2019. Hlutfall tilkynninga þar sem að heilsu eða lífi ófædds barns var stefnt í hættu var um 1% öll árin.

Tilkynningum vegna vanrækslu varðandi umsjón og eftirlit hefur farið fjölgandi en á fyrstu þremur mánuðum ársins 2021 bárust 21,5% fleiri tilkynningar en á sama tímabili árið 2020.

Tilkynningar er varða heimilisofbeldi voru 43,1% fleiri á fyrstu þremur mánuðum ársins 2021 en á sama tímabili árið áður. Tilkynningar vegna kynferðisofbeldis voru alls 224 talsins á fyrstu 3 mánuðum ársins 2021. Eru það 86,7% fleiri tilkynningar ef miðað er við fyrstu 3 mánuði ársins 2020. Raunar er staðan sú að sá fjöldi tilkynninga sem hefur borist barnaverndarnefndum á fyrstu þremur mánuðum ársins 2021, svipar til fjölda slíkra tilkynninga sem bárust barnaverndarnefndum á fyrstu 6 mánuðum síðastliðinna ára.

Flestar tilkynningar bárust frá lögreglu, eða 36,7% tilkynninga á fyrstu þremur mánuðum ársins 2021, sama hlutfall og á sama tímabili árið 2020. Tilkynningum frá skólum og heilbrigðiskerfinu hefur farið fjölgandi. Á fyrstu þremur mánuðum ársins bárust 25,7% fleiri tilkynningar frá skólum en á sama tímabili ársins 2020 og tilkynningar frá heilbrigðisþjónustu eru 28,5% fleiri sé miðað við sama tímabil.

Samanlagður fjöldi barna sem tilkynnt var um á fyrstu þremur mánuðum ársins 2021 var 2.854 börn, en sambærileg tala fyrir árið á undan var 2427 og 2.221 barn á fyrstu þremur mánuðum ársins 2019. Þess ber að geta að tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt var um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

Tilkynningar til barnaverndarnefnda

Fjöldi tilkynninga eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu þrjú mánuðir 2019		Fyrstu þrjú mánuðir 2020		Fyrstu þrjú mánuðir 2021	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	1.182	42,6	1.265	41,7	1.382	38,8
Nágrenni Reykjavíkur ¹	778	28,1	767	25,3	963	27,0
Landsbyggð	811	29,3	1.001	33	1.220	34,2
Samtals	2.771	100	3.033	100	3.565	100

¹Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.


Fjöldi tilkynninga skipt eftir kynjum

Kyn	Fyrstu þrjú mánuðir 2019		Fyrstu þrjú mánuðir 2020		Fyrstu þrjú mánuðir 2021	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	1.451	52,4	1.690	55,7	1.822	51,1
Stúlkur	1.299	46,8	1.318	43,5	1.716	48,1
Annað ¹	-	-	0	0	2	<0,1
Ekki vitað ²	21	0,8	25	0,8	25	0,8
Samtals	2.771	100	3.033	100	3.565	100

¹Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausu skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvívýggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019

²Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna.

Fjöldi tilkynninga



¹Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Fjöldi barna sem tilkynnt var um eftir landsvæði

Tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt er um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur, samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

Landsvæði	Fyrstu þrjú mánuðir 2019		Fyrstu þrjú mánuðir 2020		Fyrstu þrjú mánuðir 2021	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	854	38,5	932	38,4	1.064	37,3
Nágrenni Reykjavíkur ¹	660	29,7	653	26,9	774	27,1
Landsbyggð	707	31,8	842	34,7	1.016	35,6
Samtals	2.221	100	2.427	100	2.854	100

¹Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Fjöldi barna skipt eftir kynjum

Kyn	Fyrstu þrjú mánuðir 2019		Fyrstu þrjú mánuðir 2020		Fyrstu þrjú mánuðir 2021	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	1.189	53,5	1.363	56,2	1.504	52,7
Stúlkur	1.017	45,8	1.051	43,3	1.329	46,6
Annað ¹	-	-	0	0	2	0,1
Ekki vitað ²	15	0,7	13	0,5	19	0,7
Samtals	2.221	100	2.427	100	2.854	100

¹Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausu skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019

²Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna.

Fjöldi barna þar sem mál var þegar til meðferðar (opið mál) eða ákveðið var að hefja könnun

	Fyrstu þrjú mánuðir 2019		Fyrstu þrjú mánuðir 2020		Fyrstu þrjú mánuðir 2021	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Ákveðið var að hefja könnun²	1.622	73,0 ¹	1.728	71,2 ¹	2.027	71,0 ¹
<i>Drengir</i>	853	52,6	929	53,8	1.018	50,2
<i>Stúlkur</i>	760	46,9	786	45,5	999	49,3
<i>Annað eða ekki vitað³</i>	9	0,6	13	0,7	10	0,5
Þar af nýjar kannanir	856	38,5 ¹	728	30,0 ¹	916	32,1 ¹
<i>Drengir</i>	470	54,9	386	53,0	445	48,6
<i>Stúlkur</i>	382	44,6	335	46,0	458	50,0
<i>Annað eða ekki vitað³</i>	4	0,5	7	1,0	13	1,4

¹Hlutfall af þeim börnum sem tilkynnt var um.

²Fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja könnun, mál þegar í könnun eða meðferð (opið mál)

³Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausu skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019. Hér getur því verið um að ræða barn sem fellur utan kynjatvíhyggju eða ófætt barn.

Ástæður tilkynninga¹

Barnaverndarnefndir flokka hverja tilkynningu eftir eðli eða meginástæðu tilkynningar, vanrækslu, ofbeldi, áhættuhegðunar barns eða þar sem tilkynnandi telur að heilsa eða líf ófædds barns sé í hættu. Aðeins má merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu.

	Fyrstu þrjú mánuðir 2019		Fyrstu þrjú mánuðir 2020		Fyrstu þrjú mánuðir 2021	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Vanræksla	1.141	41,2	1.304	43	1.564	43,9
Ofbeldi	710	25,6	861	28,4	970	27,2
Áhættuhegðun barna	895	32,3	838	27,6	1.004	28,2
Vegna ófædds barns	25	0,9	30	1,0	25	0,7
Alls	2.771	100	3.033	100	3.565¹	100

¹Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausa skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019. Auk þeirra tilkynninga sem hér eru rakin, bárust 2 tilkynningar þar sem viðkomandi barn féll utan kynjatvíhyggju. Vegna persónuverndarsjónarmiða koma ástæður þeirra tilkynninga ekki fram í töflunni hér að ofan en eru inn í heildarfjölda tilkynninga, 3.565 tilkynningar.

Ástæður tilkynninga, undirflokkar

Líkt og áður segir má aðeins merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu. Hins vegar má merkja við fleiri undirástæður t.d. innan vanrækslu. Ef ein tilkynning berst um vanrækslu skal merkja við vanrækslu sem aðalflokk en merkja má t.d. við bæði líkamlega vanrækslu og tilfinningalega. Samanlagður fjöldi aðalflokka fjögurra stemmir því við fjölda tilkynninga en fjöldi innan hvers aðalflokks þarf ekki að stemma við heildartöluna.


Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausa skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019. Auk þeirra tilkynninga sem hér eru rakin, bárust 2 tilkynningar þar sem viðkomandi barn féll utan kynjatvíhyggju. Vegna persónuverndarsjónarmiða koma ástæður þeirra tilkynninga ekki fram í töflunum hér að neðan.

Vanræksla, undirflokkar	Fyrstu þrjú mánuðir 2019		Fyrstu þrjú mánuðir 2020		Fyrstu þrjú mánuðir 2021	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Vanræksla	1.141		1.304		1.564	
<i>Drengir</i>	573	50,2	656	50,3	772	49,4
<i>Stúlkur</i>	568	49,8	648	49,7	792	50,6
Líkamleg vanræksla	54		60		64	
<i>Drengir</i>	34	63,0	34	56,7	33	51,6
<i>Stúlkur</i>	20	37,0	26	43,3	31	48,4
Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit	970		1.102		1.339	
<i>Drengir</i>	485	50,0	542	49,2	666	49,7
<i>Stúlkur</i>	485	50,0	560	50,8	673	50,3
Þar af foreldrar í áfengis-og/eða fíkniefnaneyslu	364		494		514	
<i>Drengir</i>	182	50,0	240	48,6	254	49,4
<i>Stúlkur</i>	182	50,0	254	51,4	260	50,6
Vanræksla varðandi nám	53		82		101	
<i>Drengir</i>	36	67,9	54	65,9	43	42,6
<i>Stúlkur</i>	17	32,1	28	34,1	58	57,4
Tilfinningaleg vanræksla	100		88		119	
<i>Drengir</i>	41	41,0	44	50,0	62	52,1
<i>Stúlkur</i>	59	59,0	44	50,0	57	47,9

Ofbeldi, undirflokkar	Fyrstu þrjú mánuðir 2019		Fyrstu þrjú mánuðir 2020		Fyrstu þrjú mánuðir 2021	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Ofbeldi	710		861		970	
<i>Drengir</i>	318	44,8	448	52,0	442	45,6
<i>Stúlkur</i>	392	55,2	413	48,0	528	54,4
Tilfinningalegt/sálrænt ofbeldi	453		529		541	
<i>Drengir</i>	205	45,3	277	52,4	262	48,4
<i>Stúlkur</i>	248	54,7	253	47,8	279	51,6
þar af heimilisofbeldi	209		195		279	
<i>Drengir</i>	99	47,4	111	56,9	141	50,5
<i>Stúlkur</i>	110	52,6	84	43,1	138	49,5
Líkamlegt ofbeldi	165		215		248	
<i>Drengir</i>	89	53,9	131	60,9	135	54,4
<i>Stúlkur</i>	76	46,1	84	39,1	113	45,6
Kynferðislegt ofbeldi	114		120		224	
<i>Drengir</i>	32	28,1	34	28,3	67	29,9
<i>Stúlkur</i>	82	71,9	86	71,7	157	70,1

Áhættuhegðun barna, undirflokkar	Fyrstu þrjú mánuðir 2019		Fyrstu þrjú mánuðir 2020		Fyrstu þrjú mánuðir 2021	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Áhættuhegðun barna	895	32,3	838	27,6	1.004	28,2
<i>Drengir</i>	563	62,9	582	69,5	605	60,3
<i>Stúlkur</i>	332	37,1	256	30,5	399	39,7
Neysla barns á vímuefnum	153		137		177	
<i>Drengir</i>	87	56,9	83	60,6	107	60,5
<i>Stúlkur</i>	66	43,1	54	39,4	70	39,5
Barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu	344		320		359	
<i>Drengir</i>	186	54,1	188	58,8	155	43,2
<i>Stúlkur</i>	158	45,9	132	41,3	204	56,8
Afbrot barns	176		137		191	
<i>Drengir</i>	122	69,3	113	82,5	145	75,9
<i>Stúlkur</i>	54	30,7	24	17,5	46	24,1
Barn beitir ofbeldi	152		177		192	
<i>Drengir</i>	120	78,9	155	87,6	154	80,2
<i>Stúlkur</i>	32	21,1	22	12,4	38	19,8
Erfiðleikar barns í skóla, skólasókn áfátt	109		98		110	
<i>Drengir</i>	68	62,4	64	65,3	56	50,9
<i>Stúlkur</i>	41	37,6	34	34,7	54	49,1

Ástæður tilkynninga



Hversu oft var barn í yfirvofandi hættu

Fram til ársins 2021 var tilkynnandi beðinn um að meta hvort hann teldi barn í yfirvofandi hættu. Frá og með 1. janúar 2021 er það hlutverk barnaverndarstarfsmanna að meta hvort þeir telji barn í yfirvofandi hættu

	Fyrstu þrjú mánuðir 2019		Fyrstu þrjú mánuðir 2020		Fyrstu þrjú mánuðir 2021	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Hversu oft var barn í yfirvofandi hættu	147	100	189	100	181	100
<i>Drengir</i>	65	44,2	97	51,3	80	44,2
<i>Stúlkur</i>	81	55,1	89	47,1	96	53,0
<i>Ekki vitað¹</i>	1	0,7	3	1,6	5	2,8

¹ Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausu skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019. Hér getur því verið um að ræða barn sem fellur utan kynjatvíhyggju eða ófætt barn.

Tilkynnendur

	Fyrstu þrjú mánuðir 2019		Fyrstu þrjú mánuðir 2020		Fyrstu þrjú mánuðir 2021	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Barnið sjálft	15	0,5	23	0,8	20	0,6
Ættingjar barns aðrir en foreldrar	149	5,4	173	5,7	197	5,5
Nágrannar	157	5,7	234	7,7	219	6,1
Önnur barnaverndarnefnd	39	1,4	52	1,7	31	0,9
Þjónustumiðst./starfsm.félagsþjónustu	75	2,7	69	2,3	100	2,8
Lögregla	1.118	40,3	1.109	36,6	1.308	36,7
Skólaþjónusta	459	16,6	482	15,9	606	17,0
Leikskóli/gæsluforeldri	52	1,9	46	1,5	56	1,6
Heilbrigðisþjónusta	284	10,2	319	10,5	410	11,5
Foreldrar barns	199	7,2	242	8	259	7,3
Aðrir	224	8,1	284	9,4	359	10,1
Samtals	2.771	100	3.033	100	3.565	100,0